

Sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala

Skilgreining

Sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala er hjúkrunarfræðingur sem hefur sérfræðipækkingu og færni til að leysa viðfangsefni er lúta að hjúkrun sjúklinga/fjölskyldna, og þverfaglegri samvinnu vegna þjónustu við skjólstæðinga. Sérfræðingur í hjúkrun er frumkvöðull og leiðtogi í klínísku starfi og samþættir og nýtir fræðilega og gagnreynda þekkingu í starfi sínu.

Menntunar- og starfskröfur

Hjúkrunarfræðingur þarf að hafa leyfi landlæknis til að kalla sig sérfræðingur í hjúkrun skv. 3. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974 og reglugerð nr. 512/2013, sem sett er skv. lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn. Krafist er meistara- eða doktorsnáms í hjúkrunarfræði og klínískrar starfsreynslu á sérsviði.


Starfssvið

Sérfræðingur í hjúkrun stuðlar að bættum gæðum hjúkrunar í samvinnu við stjórnendur og aðra starfsmenn í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar og stefnu Landspítala.

Starfssvið sérfræðings í hjúkrun er fjölbætt og skiptist í fimm meginhlutverk; hjúkrun, fræðslu/kennslu, ráðgjöf, rannsóknir, gæða- og þróunarstörf og faglega þróun.

Starfinu má skipta í þrjú svið sem öll eru samofin og hafa velferð sjúklings og skjólstæðinga að leiðarljósi. Þau eru þjónusta við sjúklinga/skjólstæðinga (client direct care), hjúkrunarfræðingar og hjúkrunarþjónusta (nurses and nursing practice) og stofnun og kerfi (organization and systems).

Mynd:



Starfsvettvangur, starfsaðstaða og staðsetning í skipuriti

Sérfræðingur í hjúkrun vinnur sjálfstætt og ber ábyrgð á starfi sínu gagnvart stofnuninni og næsta yfirmanni. Sérfræðingur gerir í samráði við yfirmann sinn eigin starfslýsingu sem grundvallast á almennri starfslýsingu sérfræðinga í hjúkrun á Landspítala. Þar komi fram áhersluatriði úr öllum fimm hlutverkunum. Árlega gerir hann starfsáætlun og greinargerð um störf sín og skilar til yfirmanns og framkvæmdastjóra hjúkrunar.

Starfsvettvangur er margbreytilegur og getur tengst ákveðnum sjúklingahópi, deildum eða sviðum, sjúkdómum, sérgreinum hjúkrunar eða öðrum viðfangsefnum.

Næsti yfirmaður sérfræðings í hjúkrun er framkvæmdastjóri eða hjúkrunardeildarstjóri. Yfirmaður sérfræðings tryggir honum viðunandi starfsaðstöðu og möguleika til faglegrar þróunar.

Hjúkrunarfræðingar í stöðum sérfræðinga í hjúkrun á Landspítala mynda samráðshóp sem er vettvangur fyrir samráð og samskipti þeirra. Hópurinn ákveður eigin starfsreglur.

Meginhlutverk

Hlutverk og viðfangsefnin geta verið breytileg hvað varðar áhersluatriði og mikilvægi frá einum tíma til annars. Þessi listi er yfirlit yfir helstu viðfangsefni í hverju hlutverki og er ekki tæmandi. Það er á ábyrgð hvers sérfræðings í hjúkrun að skipuleggja störf sín þannig að þau nýtist sjúklingum/skjólstæðingum, starfsfólki og stofnun sem best.

Hjúkrun

- Veitir hjúkrun byggða á gagnreyndri þekkingu
- Veitir sérhæfða hjúkrunarmedferð
- Er öðrum fyrirmynd í starfi
- Er leiðtogi í þverfaglegri samvinnu
- Greinir þarfir og skipuleggur meðferð sem hentar skjólstæðingahópum og endurmetur árangur meðferðar

Kennsla og fræðsla

- Stundar kennslu á sérsviði við háskóla og aðrar stofnanir
- Þróar fræðsluefni fyrir skjólstæðinga, veitir fræðslu og metur árangur hennar
- Metur fræðsluþarfir starfsfólks, fræðir og metur árangur
- Hvetur og aðstoðar starfsfólk við að efla faglega færni og þroska
- Tekur þátt í aðlögun og starfsþróun starfsfólks
- Tekur þátt í kennslu nemenda á Landspítala

Ráðgjöf

- Veitir ráðgjöf til skjólstæðinga
- Veitir ráðgjöf til starfsmanna, stjórnenda, fagfélaga og opinberra aðila
- Tekur þátt í nefndarstörfum og störfum fagfélaga
- Er talsmaður skjólstæðinga innan og utan stofnunar
- Veitir ráðgjöf um menntun hjúkrunarfræðinga

Rannsóknir, gæða- og þróunarstörf

- Stundar rannsóknir og birtir niðurstöður á ráðstefnum og í tímaritum
- Stuðlar að þróun og bættum gæðum hjúkrunar á Landspítala byggða á gagnreyndri þekkingu
- Greinir kerfislæg vandamál (system problems) og þróar verkferla sem auðvelda flæði og auka öryggi skjólstaðinga og starfsfólks
- Hvetur hjúkrunarfræðinga til að greina vandamál, leita eftir kerfisbundnum skýringum og nýta gagnreynda þekkingu í starfi
- Þróar og endurskoðar gæðaviðmið, gæðavísa, gæðamat, vinnur hjúkrunarstaðla og verklagsreglur

Fagleg þróun sérfræðings

- Viðheldur þekkingu og færni miðað við það sem best er vitað á hverjum tíma
- Metur símenntunarþarfir sínar og áætlar hvernig þeim verði mætt
- Endurskoðar markmið og starf sérfræðings í hjúkrun miðað við þekkingu í hjúkrun og stefnu Landspítala
- Metur árangur starfa sinna

Starfslýsing þessi var samþykkt í endanlegu formi á fundi sérfræðinga í hjúkrun 22. nóvember 2011 og endurskoðuð í apríl 2013. Starfslýsingu skal endurskoða í síðasta lagi í haustið 2015.

Heimildir:

Hamric, A., Spross, J., & Hanson, C. (2009). *Advanced Practice Nursing. An Integrative Approach*. 4.útg.. Saunders Elsevier Inc.

Kristín Björnsdóttir og Marga Thome (2006). *Sérfræðingar í hjúkrun: skilgreining, viðurkenning og nám*. Tímarit hjúkrunarfræðinga – ritrýndar fræðigreinar, 82(1), Sérít, 28-36.